



Reglur um leikskóla í Árborg

Gildissvið

Reglur þessar gilda um alla leikskóla í Árborg þ.m.t. sjálfstætt starfandi leikskóla sem starfa skv. rekstrarleyfi frá Sveitarfélaginu Árborg, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum nr. 76/2003.

1. gr. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að barn sé með kennitölu og lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Sveitarfélaginu Árborg.

Heimilt er að hafna umsókn um leikskólapláss ef foreldrar barns eru í vanskilum við sveitarfélagið vegna leikskólagjalda.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskólavalar í leikskólum Árborgar.

Ef lögheimili barns, sem er með leikskólapláss í Árborg, er flutt í annað sveitarfélag, missir barnið plássið næstu mánaðamót á eftir.

Heimilt er að gera undanþágu frá skilyrði um lögheimili í Árborg skv. gr. 3.3.

2. gr. Opnunartími og vistunartími

2.1. Opnunartími

2.1.1 Almennur opnunartími

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:45 til 16:15 virka daga.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir á aðfangadag, dagana milli jóla og nýárs og gamlársgdag. Fjöldi lokunardaga á þessu tímabili hafa ekki áhrif á leikskólagjöld.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir vegna sumarleyfa í samtals 24 virka daga í júlí til ágúst ár hvert.

Leikskólar eru lokaðir vegna skipulags- og námskeiðsdaga, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Í leikskólum Árborgar eru valfrjálsir skráningardagar sem eru haustfrí, Þorláksmessa, vetrarfrí og dymbilvika.

2.1.2. Sérstök lokunarheimild

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sviðstjóra, getur ákveðið að loka vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra atburða til að tryggja öryggi og þá skal jafnan farið eftir leiðbeiningum frá Almannavörnum. Lokun skv. þessari grein hefur ekki áhrif á leikskólagjöld. Foreldrum skal tilkynnt um lokun eins fljótt og unnt er.

Leikskólastjóri getur ákveðið að loka leikskóla í heild eða að hluta til tiltekinn dag eða hluta úr degi t.d. ef;

- a. ekkert barn er skráð í vistun eða boðuð hafa verið forföll fyrir öll börn sem skráð eru í vistun
- b. öll börn hafa verið sótt fyrir lok vistunartíma.

Sviðsstjóri getur ákveðið að leikskóla sé lokað vegna ófyrirséðra aðstæðna. Foreldrum skal tilkynnt um lokun eins fljótt og unnt er.

Lokun skv. þessari grein hefur ekki áhrif á leikskólagjöld nema annað sé sérstaklega ákveðið.

2.2. Vistunartími

2.2.1. Almennur vistunartími

Foreldrar ákveða almennan vistunartíma á tímabilinu frá 07:45 til 16:15 mánudaga til fimmtudaga en frá 07:45 til 14:00 á föstudögum. Almennur vistunartími skal að lágmarki vera 4 klst. á dag.

Skráning á almennum vistunartíma eða breyting á almennum vistunartíma skal gerð fyrir 15. hvers mánaðar og taka gildi 1. næsta mánaðar í gegnum skráningarkerfi, vala.is.

Fjárhæð tímagjalds fyrir almenna vistun er skv. gjaldskrá og tekur mið af því hvenær dags vistun er;

- a. 07:45-08:00 mánudaga til föstudaga
- b. 08:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga og 08:00-14:00 á föstudögum
- c. 16:00-16:15 mánudaga til fimmtudaga

2.2.2. Viðbótarvistun

Foreldrar geta skráð börn í viðbótarvistun á valfrjálsum skráningardögum með tölvupósti á viðkomandi leikskóla, skv. leiðbeiningum leikskólastjórnenda. Skráningu lýkur þremur vikum fyrir skráningardag og er bindandi.

Foreldrar geta skráð barn í viðbótarvistun á föstudögum frá kl. 14:00 til 16:15. Skráningu lýkur kl. 23:59 á fimmtudegi rúmri viku fyrir viðbótarvistun og er skráning bindandi.

Sérstakt gjald er innheimt fyrir viðbótarvistun.

2.2.3. Viðbótar sumarfrí

Foreldrar geta sótt um að hámarki 10 daga í aukið sumarfrí fyrir börn sín í samfellu við sumarlokun leikskólanna og fengið leikskólagjöld felld niður þann tíma. Fyrirkomulagið getur verið á þá leið að foreldrar taki einhverja daga fyrir sumarlokun og einhverja daga eftir. Einnig geta þeir tekið 10 daga samfellt fyrir eða eftir sumarlokun. Umsókn um aukið sumarfrí þarf að berast í gegnum leikskólakerfið, vala.is, fyrir 1. mars ár hvert.

2.3. Skóladagatal

Leikskólastjóri gefur út skóladagatal árlega, að fenginni umsögn foreldraráðs. Tillögur að skóladagatali skulu lagðar fyrir fræðslu- og frístundanefnd eigi síðar en 30. apríl ár hvert til staðfestingar. Skóladagatal viðkomandi leikskóla skal birt á heimasíðu leikskólanna fyrir lok maí ár hvert. Í skóladagatali skal tilgreina hvaða daga leikskóli er lokaður, valfrjálsa skráningardaga o.fl.

3. gr. Umsókn og meðferð umsókna

3.1. Almenn um umsóknir og meðferð þeirra

Umsókn um leikskóla skal send í gegnum leikskólakerfið, vala.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl í þjónustuveri í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, sími: 480-1900.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl eins fljótt og kostur er en helst eigi síðar en á því ári sem þau verða tveggja ára. Sækja má um leikskóla strax og kennitala barns hefur verið skráð.

Foreldrar skulu sækja um pláss á a.m.k. þremur leikskólum fyrir barn sitt. Heimilt er að sækja um pláss á fleiri en þremur leikskólum. Þegar sótt hefur verið um pláss fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

3.2. Umsókn um flutning milli leikskóla innan Árborgar

Foreldrar geta sótt um flutning milli leikskóla innan Árborgar. Sækja skal um á vala.is (umsokn.vala.is). Eftir að sótt er um flutning milli leikskóla fer barnið á biðlista og er þá farið eftir úthlutunarreglum, sjá 4. gr.

3.3. Umsókn um leikskóladvöl í Árborg (lögheimili í öðru sveitarfélagi)

Fjölskyldur sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi á Íslandi en dvelja tímabundið af sérstökum ástæðum í Árborg geta sótt um leikskólapláss í Árborg. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Sveitarfélaginu Árborg hlut sveitarfélagsins í

leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skv. þessari grein skulu sendar á netfangið skolathjonusta@arborg.is ásamt staðfestingu lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu.

Ef lögheimili barns, sem er með leikskólapláss í Árborg, er flutt í annað sveitarfélag, missir barnið plássið næstu mánaðamót á eftir. Hægt er að halda plássinu að undangenginni umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags ef samþykki lögheimilissveitarfélags liggur fyrir greiðslu sveitarfélagshluta leikskólagjaldanna að hámarki í 6 mánuði.

3.4. Umsókn um leikskóladvöl utan Árborgar (lögheimili í Árborg)

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Skólaþjónusta Árborgar fjallar um umsóknir um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Sótt er um á þjónustuvef sveitarfélagsins Mín Árborg. Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um leikskóla nr. 90/2008 og stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Í umsókn þarf að tilgreina ástæður þess að óskað er eftir leikskóladvöl utan sveitarfélags og fylgja þarf rökstuðningur fyrir umsókninni. Úrvinnsla umsókna fer fram á afgreiðslufundum skólaþjónustu. Deildarstjóri skólaþjónustu ber ábyrgð á að svara umsóknum skriflega.

Gert er ráð fyrir að ósk um leikskóladvöl fyrir barn utan lögheimilissveitarfélags stafi einkum af eftirfarandi ástæðum:

- Barni er ráðstafað í fóstur samkvæmt ákvörðun barnaverndarþjónustu.
- Barn flyst í Árborg fyrir innritunaraldur í sveitarfélaginu en er í leikskóla eða ungbarnaleikskóla í öðru sveitarfélagi. Foreldrar geta þá sótt um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags til Árborgar. Sveitarfélagið greiðir aldrei hærra hluta af viðmiðunargjaldi Sambands íslenskra sveitarfélaga en sem nemur niðurgreiðslu til dagforeldris skv. Reglum sveitarfélagsins Árborgar um daggæslu barna í heimahúsum, þar til innritunaraldri er náð. Til að umsókn sé gild er nauðsynlegt að barn eigi virka umsókn í leikskóla í Árborg. Þegar barni hefur verið úthlutað leikskólaplássi í Árborg og aðlögun hefst, fellur þetta samþykki úr gildi. Ef foreldrar hafna leikskólaplássi í Árborg fellur samþykkið einnig úr gildi.
- Barn flyst í Árborg og fær ekki úthlutað plássi á leikskóla vegna plássleysis. Barn er með leikskólapláss í öðru sveitarfélagi og á virka umsókn um leikskóladvöl í Árborg. Foreldrar geta þá sótt um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags til Árborgar. Ef samþykki fæst greiðir Árborg sveitarfélagshluta leikskólagjalda skv. viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þegar barni hefur verið úthlutað leikskólaplássi í Árborg og aðlögun hefst, fellur þetta samþykki úr gildi. Ef foreldrar hafna leikskólaplássi í Árborg fellur samþykkið einnig úr gildi.

- Ef barn með lögheimili í Árborg fær hvorki leikskólalátt né pláss í daggæslu innan sveitarfélagsins, og foreldrar þess óska eftir leikskólavist utan Árborgar, skal sveitarfélagið fylgja eftirfarandi viðmiðum:
 - Sveitarfélagið greiðir að hámarki því sem nemur niðurgreiðslu til dagforeldris skv. reglum sveitarfélagsins Árborgar um daggæslu barna í heimahúsum, þar til innritunardri í leikskóla er náð. Eftir að innritunardri í leikskóla er náð greiðir Árborg sveitarfélagshluta leikskólagjalda skv. viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 - Til að umsókn sé gild skal barn eiga virka umsókn í leikskóla í Árborg.
 - Samþykki samkvæmt þessari málsgrein fellur úr gildi þegar barn hefur hafið aðlögun í leikskóla í Árborg.
 - Ef foreldrar hafna leikskólalátt í Árborg fellur samþykkið samkvæmt þessari málsgrein einnig úr gildi.

3.5. Tímabundin leikskóladvöl (lögheimili erlendis)

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Árborg við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólalátt þó að hámarki í sex mánuði samfelld á hverju skólaári. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólalátt háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið m.a. að leikskólalátt séu laus fyrir viðkomandi aldur og að fullmannað sé í leikskólum sem sótt er um í. Staðfesting á námi og/eða starfi foreldris skal fylgja umsókn. Gjald fyrir slíka þjónustu er 50% af meðalraunkostnaði, sjá viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga.

4. gr. Úthlutunarreglur

4.1. Almennar úthlutunarreglur

Börn innritast í leikskóla eftir aldri, þau elstu fyrst. Leikskólastjóra ber skylda til að úthluta plássum í samræmi við rekstraleyfi leikskólans.

4.2. Frávik frá almennri reglu

Leikskólastjóri getur ákveðið að víkja frá almennum úthlutunarreglum, skv. 4.1. í einstaka tilvikum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Barn á systkin í tilteknum leikskóla og öðrum börnum sem eru fyrir framan það á biðlista býðst leikskóladvöl á öðrum leikskóla sem foreldrar hafa sótt um.
- b. Stakt pláss losnar á deild og aldur næstu barna á biðlista samræmist ekki aldursamsetningu deildarinnar. Þá er heimilt að innrita barn af biðlista í samræmi við aldursamsetningu deildarinnar.

4.3. Sérstakar reglur um innritun á sjálfstætt starfandi leikskólum

Sjálfstætt starfandi leikskólum er heimilt að setja frekari skilyrði um almenna úthlutun leikskólaplássanna, t.d. á grundvelli hugmyndafræði viðkomandi leikskóla. Slíkar sérreglur skulu tilgreindar í þjónustusamningi og samþykktar af fræðslu- og frístundanefnd Árborgar.

4.4. Sérstakur forgangur

Foreldrar geta sótt um sérstakan forgang fyrir barn á leikskóla í eftirtöldum tilvikum:

- a) **Barn er í elsta árgangi leikskóla.**
- b) **Barn er með fötlun eða alvarleg þroskafrávik.**
 - i. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.
- c) **Barn býr við erfiðleika í félagsumhverfi, t.d.**
 - i. Barnaverndarmál. Vottorð frá barnaverndarþjónustu skal fylgja umsókn.
 - ii. Alvarleg veikindi eða alvarleg fötlun barns á sama heimili sem ekki er í dagvistun eða skóla. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
 - iii. Alvarleg veikindi eða alvarleg fötlun foreldris sem almennt fer með umönnun barns. Vottorð frá lækni skal fylgja umsókn.
 - iv. Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
 - v. Fjölburar, aðrir en tvíburar.

Mat á þörf á sérstökum forgangi er ávallt háð atviksbundnu mati með tilliti til aðstæðna allra. Aðstæður þurfa að vera með þeim hætti að sérstök þörf sé á leikskólaplássi.

Umsóknir um sérstakan forgang skulu sendar með rafrænum hætti í gegnum Signet transfer á skólaþjónustu Árborgar ásamt fylgiskjölum.

Umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn til að sýna fram á að sérstök þörf sé á leikskólaplássi, svo sem vottorð um veikindi eða fötlun, upplýsingar um fjárhagslega stöðu, heimilisaðstæður og hagi foreldra.

Umsóknir eru teknar fyrir á úthlutunarfundi skólaþjónustu Árborgar. Skólaþjónusta Árborgar getur gert kröfu um frekari fylgiskjöl eða upplýsingar áður en umsókn er afgreidd.

Þó forgangur sé samþykktur er ekki víst að leikskóladvöl geti byrjað strax. Leikskóladvöl barns með samþykktan forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur nema í sérstökum undantekningartilvikum.

5. gr. Úthlutun leikskólaplássanna og uppsögn á dvalarsamningi

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu í upphafi skólaárs.

Almenn úthlutun leikskólaplássanna fer fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að skrá vistunarumsóknir og flutningsumsóknir fyrir lok febrúar ár hvert.

Ekki er unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í allt að 30 daga, frá því að almenn úthlutun hefst. Almenn úthlutun hefst á afgreiðslu flutningsumsókna. Tilkynning um úthlutun leikskólapláss skal send foreldrum í tölvupósti. Foreldrar skulu staðfesta rafrænt að þeir þiggi eða hafni leikskólaplássi innan sjö daga frá dagsetningu rafrænu tilkynningarinnar. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er fallið frá úthlutun og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri/deildarstjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en aðlögun hefst. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Foreldrar sem hyggjast flytja í Árborg geta sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt. Leikskólalássum til barna sem ekki eiga lögheimili í Árborg er úthlutað á sama tíma og til þeirra barna sem eiga lögheimili í Árborg. Réttur til leikskóladvalar fellur niður ef lögheimili hefur ekki verið flutt í Árborg 10 dögum fyrir upphaf aðlögunar og öðru barni boðin vistun.

Áður en leikskóladvöl barns hefst skal leikskólastjóri ganga úr skugga um að lögheimili barns sé sannarlega í sveitarfélaginu. Að þeim skilyrðum uppfylltum gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Árborgar og reglur um leikskóla í Árborg og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólaláss í tvo mánuði, án samráðs við leikskólastjóra, er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins.

Uppsögn á leikskólalássi þarf að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og miðað er við að uppsögn taki gildi 1. næsta mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra.

Sækja skal um breytingar á dvalartíma í leikskólakerfinu vala.is fyrir 15. hvers mánaðar og miðað er við að breytingin taki gildi 1. næsta mánaðar.

6. gr. Gjaldtaka

6.1. Leikskólagjöld

Sveitarfélagið Árborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum. Sjálfstætt starfandi leikskólar eru með samning við fjölskyldusvið Árborgar vegna vistunar barna í Árborg. Samningur fjölskyldusviðs felur í sér að greitt er framlag til þeirra vegna barna sem innritast og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Árborgar.

Foreldrar greiða leikskólagjald sem skiptist í námsgjald og fæðisgjald.

Námsgjald skal greitt samkvæmt vistunartíma barns, sbr. 2.2, 2.3. og 2.4.

Fæðisgjald skal greitt fyrir allar máltíðir sem er boðið er upp á á vistunartíma barns.

Gjald fyrir dvöl umfram umsaminn vistunartíma er innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Fjárhæð leikskólagjalda fer eftir gjaldskrá Árborgar eins og hún er birt á heimasíðunni, www.arborg.is.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður, nema sótt hafi verið um viðbótar sumarfrí skv. 2.4. gr.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi skv. í 5. gr.

Gjaldskráin er samþykkt af bæjarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:

- Gjaldflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.
- Gjaldflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi og einstæðir foreldrar. Sjá nánar í gr. 6.2, 6.3.

Sækja þarf sérstaklega um greiðslu skv. gjaldflokki II í gegnum vala.is og leggja fram viðeigandi gögn. Umsókn og fylgigögn skulu berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur gjaldtaka skv. fyrirbyggjandi gögnum gildi 1. næsta mánaðar.

Uppfylli foreldrar ekki lengur skilyrði skv. gjaldflokki II verður gjaldflokkur 1 tekinn upp án fyrirvara.

Ef gjaldtaka skv. gjaldflokki II hefur byggt á röngum eða villandi upplýsingum er mismunurinn endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

6.2. Gjaldflokkur II

6.2.1 Námsmenn

Skilyrði fyrir gjaldtöku skv. gjaldflokki II vegna náms hjóna og sambúðarfólks eru:

- Foreldrar eru báðir í háskólanámi og skráðir í fullt nám á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða. Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.
- Foreldrar eru báðir í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Umsókn skal endurnýjuð í upphafi hvernar annar í gegnum vala.is og gildir aðeins fyrir þá önn.

6.2.2 Einstæðir foreldrar

Skilyrði fyrir gjaldtöku skv. gjaldflokki II til einstæðra foreldra eru:

- Foreldri er skráð einstætt í þjóðskrá.

- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð þarf að skila leikskólastjóra staðfestingu frá sýslumanni þess efnis.

Umsókn skal endurnýjuð árlega í gegnum vala.is, fyrir 15. ágúst.

6.3. Systkinaafsláttur

Í Sveitarfélaginu Árborg er veittur systkinaafsláttur skv. gildandi gjaldskrá. Afslátturinn er einungis veittur af námsgjaldi en ekki af fæðisgjaldi. Afslátturinn reiknast ávallt á elsta barn og gildir hann milli frístundaheimila, leikskóla og dagforeldra.

6.4. Veikindi barns

Ef barn er fjarverandi í fjórar vikur samfelld eða lengur vegna veikinda geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðisgjalds en greiða ávallt námsgjald. Skila þarf læknisvottorði til leikskólastjóra sem staðfestir að barn hafi ekki getað sótt leikskóla.

7. gr. Innheimta

7.1. Almenn

Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram í gegnum heimabanka.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 20 dögum síðar.

7.2. Innheimtuferill vegna vanskila

Séu leikskólagjöld ógreidd 10 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviðvörðun.

Hafi krafa ekki verið greidd innan 60 daga frá gjalddaga er heimilt að segja upp dvalarsamningi barns og senda kröfu í innheimtu.

Hægt er að semja um greiðslu vanskila til að koma í veg fyrir uppsögn. Dvalarsamningi barns verður ekki sagt upp vegna vanskila ef samið hefur verið um greiðslu innan 90 daga frá gjalddaga.

Á ógreiddar kröfur leggjast vextir og dráttavextir skv. almennum reglum, auk þess bætist innheimtukostnaður við kröfuna.

Séu vanskil vegna leikskólagjalda eldri en 90 daga og ekki hefur verið samið um greiðslu þeirra er einnig heimilt að segja upp dvalarsamningi annara barna viðkomandi foreldra.

8. gr. Lagareglur og kæruleiðir

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli reglna þessara eru kærarlegar til ráðherra skv. 30. gr. laga nr. 90/2008. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Reglur þessar eru settar með heimild í lögum nr. 90/2008 um leikskóla, sbr. 26. og 27. gr. laganna.

9. gr. Gildistaka

Reglurnar voru samþykktar á fundi fræðslu- og frístundarnefndar þann 11. júní 2025 og í bæjarstjórn þann xx.xxxx.2025 og taka gildi 1. ágúst 2025.